

Menning

listir
menningararfur
útvarp
málrækt
íþróttir
æskulýðsmál

Menntamálaráðuneytið
febrúar 2007

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Efnisyfirlit

Listir og ýmis menningarmál	7
Bókmenntir	9
Leiklist og aðrar sviðslistir.....	11
Myndlist	12
Tónlist.....	14
Kvikmyndalist	15
Menningararfur og safnamál.....	16
Menningarsamningar við sveitarfélög	20
Útvarp.....	21
Íþróttir.....	22
Æskulýðs- og tómstundamál.....	23
Fjárveitingar	26
Yfirlit yfir framlög á fjárlögum til menningarmála 2007	27

Menningarmál

Menning er vandmeðfarið hugtak, m.a. að því leyti að skilgreining þess er óljós og mjög misjafnlega víðtæk. Í þessu samhengi er einkum fjallað um menningarmál sem heyra undir skrifstofu menningarmála sem er ein af fagskrifstofum menntamálaráðuneytis og falla ekki innan vébanda mennta- og vísindamála. Skilin milli þessara málaflokka eru að sjálfsgöðu harla óglögg. Þannig er augljóst að skólar og vísindastofnanir gegna undirstöðuhlutverki í menningarlífi þjóðarinnar. Jafnframt er vert að benda á að í umfjöllun sem markast af ofangreindum ramma verða ýmsir mikilvægir þættir menningar afskiptir, svo sem þeir sem tengjast þjóðkirkjunni og öðrum trúarfélögum. Umgjörðin rúmar hins vegar listir í hefðbundnum skilningi, svo sem tónlist, leiklist, bókmenntir og kvikmyndir, fjölmiðla og varðveislu og miðlun menningararfsins. Til menningarmála falla einnig íþróttá- og æskulýðsmál.

Meginhluti þess menningarstarfs sem unnið er í landinu er í höndum einstaklinga eða samtaka þeirra, án opinberrar íhlutunar um inntak og tilhögun starfseminnar. Þetta á við um listir, íþróttir og æskulýðsstarf og ýmsa fleiri þætti menningarmála. Dæmi um ríkisstofnanir sem standa sjálfar fyrir listastarfsemi eru Þjóðleikhúsið, Listasafn Íslands og Ríkisútvarpið. En að frátöldum rekstri nokkurra veigamikilla stofnana af því tagi lýtur hlutverk ríkisins á þessu sviði einkum að því að búa í hagin fyrir starf sem aðrir eiga frumkvæði að og stuðla að því eftir föngum að slíkt frumkvæði fái notið sín. Samningar menntamálaráðuneytis við sveitarfélög um menningarmál eru í þeim anda og hafa einnig að markmiði að styrkja stöðir menningarstarfs um allt land.

Í því starfi sem beinist að varðveislu menningararfsins er stofnanahlutur hins opinbera fyrirferðarmikill. Flest meiri háttar söfn eru rekin eða kostuð af ríki eða sveitarfélögum, stundum í samvinnu. Einnig á þessu sviði er ábyrgðinni dreift á margar herðar. Hver og einn Íslendingur á sinn þátt í geymd og þróun menningararfleifðarinnar og hvernig henni verður skilað í hendur næstu kynslóða. Þetta er t.d. augljóst um slíkan grundvallarþátt sem móðurmálið.

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á sjálfstæði menningarstofnana ríkisins. Gerðir hafa verið árangursstjórnarsamningar við stofnanirnar þar sem þær setja starfsemi sinni markmið og forgangsraða verkefnum. Fjárveitingar úr sjóðum á vegum ráðuneytisins eru ákveðnar á faglegum grunni þar sem regla hæfilegrar fjarlægðar er höfð að leiðarljósi.

Skipulag á stuðningi menntamálaráðuneytis við listir og ýmis menningarmál

Menntamálaráðuneyti fer með málefni lista og almennra menningarmála. Stuðningi ríkisins við listir og menningarmál er annars vegar ætlað að jafna aðstöðu og auðvelda landsmönnum að njóta lista og menningar og hins vegar að tryggja eðlilegan starfsgrundvöll listamanna. Starfsemi ríkisins á sviði lista beinist einkum að atvinnulistamönnum og listastofnum. Stuðningur ríkisins við þennan málaflokk er eftirfarandi.

1. Rekstur listastofnana

Með rekstri listastofnana vill ríkið tryggja að landsmönnum gefist færi á að njóta lista sem atvinnumenn skapa og standast hæstu gæðakröfur auk þess að gefa atvinnuönnum færi á að iðka list sína við bestu aðstæður. Listastofnanirnar eru auk þess vettvangur íslenskrar listsköpunar og varðveislu menningararfs á sviði lista.

2. Bein framlög af fjárlögum til sjálfstæðra listastofnana o.fl. aðila

Ríkið veitir fjármunum til sjálfstæðra aðila sem reka listastofnanir, sem stofnað er til á svipuðum forsendum og ríkislistastofnanirnar og gefur með þeim hætti fleiri aðilum færi á að standa fyrir faglegri lista- og menningarstarfsemi. Hér undir falla einnig menningarsamningar við sveitarfélög.

3. Starfslaun til listamanna

Ríkið veitir starfsstyrki til atvinnulistamanna til að tryggja að þeir hafi möguleika á að sinna list sinni án tillits til ytri aðstæðna og með þeim hætti sjá til þess að listsköpun í landinu sé í háum gæðaflokki.

4. Rekstur verkefnasjóða á sviði lista og almennra menningarmála

Til að tryggja að fagleg og sjálfstæð listastarfsemi geti átt sér stað veitir menntamálaráðuneyti verkefnastyrki af ýmsu tagi auk þess að veita hópum listamanna styrki til að tryggja samfellu í rekstri og starfsemi. Hér er fagleg listsköpun og -túlkun sett í flokk með t.d. grunnrannsóknunum í vísindum.

5. Rekstur eða stuðningur við kynningu á íslenskum listum og listamönnum

Pátttaka listamanna í alþjóðlegu samstarfi er nauðsynleg til að efla listsköpun í landinu og verður ekki slitin frá annari listastarfsemi. Ríkið styður listamenn til slíks samstarfs auk þess að standa að kynningu á listum og annarri menningarstarfsemi erlendis.

Listir og ýmis menningarmál

Listamannalaun

Samkvæmt nágildandi lögum um listamannalaun (nr. 35/1991 með síðari breytingum) eru árlega veitt starfslaun til handa listamönnum úr fjórum sjóðum: Launasjóði rithöfunda, Launasjóði myndlistarmanna, Tónskáldasjóði og Listasjóði. Þrír hinna fyrst nefndu eru sérgreindir sjóðir með sérstökum úthlutunarnefndum, en Listasjóður er almennur sjóður í þágu allra listgreina. Auk starfslauna er sjóðunum heimilt að veita náms- og ferðastyrki. Þriggja manna stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðunum og úthlutar fé úr Listasjóði. Menntamálaráðherra skipar í stjórnina til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, Listaháskóla Íslands auk eins sem skipaður er án tilnefningar.

Tilgangur listamannalauna er að stuðla að eflingu listsköpunar í landinu og skapa listamönnum, sem starfslaun hljóta, grundvöll til þess að geta helgað sig óskiptir listsköpun sinni.

Samanlögð starfslaun miðast við 1200 mánaðarlaun. Starfslaun listamanna eru miðuð við lektorslaun II við Háskóla Íslands á hverjum tíma. Þeir listamenn sem njóta starfslauna eiga ekki að gegna öðru föstu starfi á sama tíma og til þess er ætlast að þeir skili skýrslu um störf sín. www.listamannalaun.is. Starfslaunin skiptast í eftirtalda sjóði:

- **Launasjóður rithöfunda**

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun sem svara til 480 mánaðarlauna. Rétt til launa úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar. Einnig er heimilt að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku. Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands, úthlutar fé úr Launasjóði rithöfunda.

- **Launasjóður myndlistarmanna**

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun sem svara til 320 mánaðarlauna. Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Sambands íslenskra myndlistarmanna, úthlutar fé úr Launasjóði myndlistarmanna.

- **Tónskáldasjóður**

Tónskáldasjóður veitir árlega starfslaun sem svara til 100 mánaðarlauna. Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Tónskáldafélags Íslands, úthlutar fé úr Tónskáldasjóði.

- **Listasjóður**

Listasjóður veitir árlega starfslaun og styrki er svara til 300 mánaðarlauna. Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið höfðu listamannalauna í nokkur ár fyrir 31. desember 1991 og náð höfðu 60 ára aldri. Allt að þriðjungi framlags til Listasjóðs skal varið til stuðnings leikhópum svo sem mælt er fyrir um í ákvæðum leiklistarlaga, enda verði því einvörðungu varið til greiðslu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna.

Menningarsjóður félagsheimila

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um félagsheimili (nr. 107/1970 með síðari breytingum) og um starfsemi hans er nánar mælt í reglum um menningarsjóð félagsheimila (nr. 296/1990). Hlutverk sjóðsins er einkum að veita styrki til að greiða ferða- og flutningskostnað vegna menningarviðburða úti á landi. Með stjórn sjóðsins fer menningarsjóðsnefnd, sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Ungmennafélags Íslands og Kvenfélagasambands Íslands, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Bandalags íslenskra leikfélaga og Sambands íslenskra myndlistarmanna og einn án tilnefningar.

Launasjóður fræðiritahöfunda

Launasjóður fræðiritahöfunda starfar samkvæmt reglum nr. 268/1999. Sjóðurinn veitir árlega starfslaun. Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi. Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda er skipuð af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn, einn fulltrúi tilnefndur af Rannsóknarráði Íslands, einn fulltrúi tilnefndur af Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, og formaður skipaður án tilnefningar.

Barnameningarsjóður

Barnameningarsjóður var stofnaður árið 1994 með framlagi frá menntamálaráðuneyti og settar um hann reglur (nr. 246/1994). Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag frá menntamálaráðuneyti og aðrar þær tekjur sem sjóðnum hlotnast. Hlutverk Barnameningarsjóðs er að styrkja verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku þeirra. Stjórn Barnameningarsjóðs er skipuð af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn og tilnefna Kennarasamband Íslands, Bandalag íslenskra listamanna og Æskulýðsráð ríkisins hver sinn fulltrúa og tveir eru skipaðir án tilnefningar. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum var árið 1995.

Listahátíð í Reykjavík

Listahátíð í Reykjavík er stofnun með sérstaka stjórn. Markmið stofnunarinnar er að undirbúa og halda í Reykjavík hátíðir þar sem fram fari listkynning á sviði tónlistar og söngs, leik- og danslistar, bókmennta, myndlistar og byggingalistar. Aðild að Listahátíð eiga menntamálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, ýmis samtök listamanna og menningarstofnanir. Yfirstjórn Listahátíðar í Reykjavík er í höndum fulltrúaráðs. Undirbúningur og framkvæmd Listahátíðar er á ábyrgð stjórnar Listahátíðar og á ábyrgð listræns stjórnanda sem hún ræður. Í stjórninni eiga sæti þrír menn: Einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra, einn fulltrúi tilnefndur af borgarstjóranum í Reykjavík og einn kosinn á aðalfundi fulltrúaráðs Listahátíðar annað hvert ár. Menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg ábyrgjast fjárstuðning við Listahátíð í Reykjavík samkvæmt sérstökum samningi um greiðslur fyrir það menningar- og kynningarstarf sem Listahátíð innir af hendi. www.artfest.is

Bókmenntir

Almenningsbókasöfn

Í lögum um almenningsbókasöfn (nr. 36/1997) er mælt fyrir um að allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna og hlutverk þeirra er skilgreint þannig að þau séu upplýsinga- og menningarstofnanir fyrir almenning. Er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög. Almenningsbókasöfn skulu hvert og eitt haga starfi sínu þannig að komið verði við sem öflugastri samvinnu bókasafna í landinu um þjónustu við notendur.

Samkvæmt lögum teljast til almenningsbókasafna annars vegar bókasöfn fyrir almenning sem sveitarfélög reka og hins vegar bókasöfn í sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra og fangahúsum, rekin af hlutaðeigandi stofnunum.

Ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna er skipuð af menntamálaráðherra til þriggja ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, annar af Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni og hinn þriðji af Bókavarðafélagi Íslands. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Samkvæmt lögum um grunnskóla og framhaldskóla skulu starfrækt bókasöfn fyrir nemendur.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn starfar samkvæmt lögum nr. 71/1994 með áorðnum breytingum og reglugerð nr. 706/1998 og lögum um skylduskil til safna nr. 20/2002.

Hlutverk þess er að annast söfnun og varðveislu hins skráða menningarefnis íslensku þjóðarinnar, afla alþjóðlegs ritakosts fyrir fræðasvið Háskóla Íslands og almennar þarfir og veita fræðasamfélaginu, nemendum Háskóla Íslands og öllum almenningi sem greiðastan aðgang að því efni sem safnið hefur yfir að ráða. Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn bókasafnsins til fjögurra ára í senn, tvo tilnefnda af háskólaráði, einn tilnefndan af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, einn tilnefndan af Bókavarðafélagi Íslands og einn án tilnefningar. Ráðherra skipar landsbókavörð til fimm ára í senn. www.bok.hi.is

Blindrabókasafn Íslands

Blindrabókasafn Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 35/1982 og reglugerð nr. 201/1987 með áorðnum breytingum. Hlutverk þess er að sjá blindum og lesfötluðum fyrir sambærilegum aðgangi að menningu og upplýsingum og aðrir þjóðfélagshópar hafa. Samkvæmt í 1. gr. laga um Blindrabókasafnið á það að sjá blindum, sjónskertum og öðrum þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir alhliða bókasafnsþjónustu. Menntamálaráðuneytið skipar fimm manna stjórn Blindrabókasafns til fjögurra ára í senn. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskertra á Íslandi, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi íslenskra sérkennara, einn fulltrúi tilnefndur af Upplýsingum – Félagi

bókasafns- og upplýsingafræða og einn fulltrúi menntamálaráðuneytisins. Stjórnin velur úr sínum hópi formann og varaformann. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Blindrabókasafns Íslands til fimm ára að fenginni umsögn stjórnar safnsins. www.bbi.is

Bókasafnssjóður höfunda

Bókasafnssjóður höfunda starfar á grundvelli laga (nr. 33/1997). Til hans rennur framlag úr ríkissjóði sem úthlutað er úr til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, enda séu bækur þeirra notaðar í almenningsbókasöfnum, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, skólasöfnum og bókasöfnum í stofnunum sem kostuð eru af ríkissjóði eða sveitarfélögum. Stjórn Bókasafnssjóðs höfunda er skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára, tveir samkvæmt tilnefningu frá Rithöfundasambandi Íslands, einn samkvæmt tilnefningu frá Hagþenki - félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, einn samkvæmt tilnefningu frá Myndstefi - Myndhöfundasjóði Íslands og formaður stjórnar án tilnefningar.

Menningarsjóður

Hlutverk Menningarsjóðs samkvæmt lögum (nr. 79/1993) er að veita fjárhagslegan stuðning til útgáfu bóka á íslenskri tungu sem verða mega til eflingar íslenskri menningu. Sérstök áhersla er lögð á að efla útgáfu fræðirita, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Sjóðurinn veitir einnig fjárhagslegan stuðning til annarrar skyldrar starfsemi, t.d. hljóðbókagerðar. Stjórn Menningarsjóðs er skipuð þremur mönnum sem eru kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar kosningar. Árið 2006 var framlag skv. fjárlögum 13 millj. kr. Árið 2007 er framlagið hluti af bókmenntasjóði.

Þýðingarsjóður

Þýðingarsjóður var stofnaður með lögum nr. 35/1981. Hlutverk sjóðsins er að styrkja útgefendur til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðirita. Greiðslur skulu útgefendur nota til þýðingarlauna. Menntamálaráðherra skipar 3 menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndur af samtökum útgefenda, einn tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands og formaður stjórnarinnar er skipaður án tilnefningar. Lögin kveða á um lágmark fjárveitingar til sjóðsins í fjárlögum ár hvert. Árið 2006 var framlag skv. fjárlögum 12,5 millj. kr. Árið 2007 er framlagið hluti af bókmenntasjóði.

Bókmenntakynningarsjóður

Bókmenntakynningarsjóður starfar samkvæmt reglum nr. 997/2002. Hlutverk sjóðsins er stuðla að sem víðtækastri kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis og greiða fyrir útgáfu þeirra með því að úthluta þýðingarstyrkjum, hafa umsjón með þátttöku Íslands í erlendum menningarviðburðum og alþjóðlegum samskiptum á sviði bókmennta. Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn. Einn er tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, einn af Félagi

íslenskra bókaútgefenda, en formaður er skipaður án tilnefningar. Sjóðsstjórn auglýsir eftir umsóknum og úthlutar úr sjóðnum a.m.k. einu sinni á ári. Árið 2006 var framlag skv. fjárlögum 10 millj. kr. Árið 2007 er framlagið hluti af bókmenntasjóði.

Leiklist og aðrar sviðslistir

Í leiklistarlögum (nr. 138/1998) er kveðið á um að ríkið reki og kosti Þjóðleikhús og veiti árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi, bæði atvinnumanna og áhugaleikfélaga. Slíkur fjárstuðningur getur auk almennrar leikstarfsemi tekið til barnleikhúsa, brúðuleikhúsa, óperustarfsemi og listdans.

Samkvæmt leiklistarlögum er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir veiti fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið verði í fjárhagsáætlun þeirra.

Leiklistarráð

Menntamálaráðherra skipar leiklistarráð til tveggja ára í senn. Í ráðinu eiga sæti þrjár fulltrúar. Leiklistarsamband Íslands tilnefnir einn, Bandalag sjálfstæðra atvinnuleikhúsa tilnefnir einn, en einn er skipaður án tilnefningar og er hann formaður ráðsins. Helsta verkefni ráðsins er að gera tillögur til menntamálaráðherra um fjárveitingar til atvinnuleikhópa auk þess að veita umsögn um leiklistarerindi sem menntamálaráðuneyti vísar til þess. Þá getur leiklistarráð einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um leiklistarmálefni.

Þjóðleikhúsið

Þjóðleikhúsið starfar samkvæmt leiklistarlögum nr. 138/1998. Aðalverkefni Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra sjónleikja. Jafnframt skal það standa að flutningi á óperum og söngleikjum. Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum. Þjóðleikhúsið skal leitast við að glæða áhuga landsmanna á leiklist og öðrum þeim listgreinum, sem leiksviði eru tengdar. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu. Menntamálaráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð til fjögurra ára í senn. Félag íslenskra leikara tilnefnir einn fulltrúa og Félag leikstjóra á Íslandi annan en þrjár eru skipaðir án tilnefningar og eru formaður og varaformaður skipaðir úr hópi ráðsmanna. Menntamálaráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn, að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. www.leikhusid.is/

Íslenski dansflokkurinn

Íslenski dansflokkurinn starfar samkvæmt reglum um starfsemi Íslenska dansflokksins nr. 14/2001 með áorðnum breytingum sbr. leiklistarlög nr. 138/1998. Hlutverk Íslenska dansflokksins er að sýna listdans, stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi. Íslenska dansflokknúmer stjórnar listdansstjóri í samvinnu við stjórn dansflokksins, sem er þriggja manna

stjórn skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn. Félag listdansara á Íslandi tilnefni einn fulltrúa en tveir fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Listdansstjóri er forstöðumaður dansflokksins og er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. www.id.is

Leiklist og ópera

Menntamálaráðuneyti, Hafnarfjarðarbær og **Hafnarfjarðarleikhúsið Hermóður og Háðvör** hafa með sér samning til ársins 2009 um stuðning við starfsemi leikhússins. Framlög ráðuneytisins eru 20 millj. kr. á ári.

Samkvæmt menningarsamningi við Akureyrarbæ um framlög til atvinnuleikhúss á vegum **Leikfélags Akureyrar** greiða Akureyrarbær og ríkissjóður jafnhátt framlag til starfseminnar.

Íslenska óperan er sjálfseignarstofnun sem nýtur rekstrarframlags úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneyti og stjórn Íslensku óperunnar hafa með sér samning um starfsemi óperunnar. Tilgangur hans er að stuðla að uppbyggingu samfelldrar og fjölbreyttrar óperustarfsemi á vegum Íslensku óperunnar, enda sé hún vettvangur fyrir íslenska óperusöngvara til að þeir geti notað menntun sína og hæfileika. Samningurinn gildir til ársloka 2009.

Styrkjum til **starfsemi atvinnuleikhópa** úthlutar menntamálaráðuneyti að fengnum tillögum leiklistarráðs.

Því fé sem veitt er í fjárlögum til **starfsemi áhugaleikfélaga** er úthlutað af menntamálaráðuneyti að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga

Myndlist

Listasafn Íslands

Listasafn Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 58/1988 með áorðnum breytingum og reglugerð nr. 231/1995 með áorðnum breytingum. Listasafn Íslands skal vera meginsafn íslenskrar myndlistar í landinu og miðstöð rannsókna, heimildasöfnunar og kynningar á íslenskri myndlist. Helstu verkefni safnsins eru: 1. Að afla svo fullkomins safns íslenskrar myndlistar sem unnt er, svo og viðurkenndra erlendra listaverka, skrá safnið, varðveita og sýna, innan lands og utan. 2. Rannsaka eftir föngum íslenska myndlist frá lokum 19. aldar, annast fræðslustarfsemi, kynna verk safnsins og starfsemi þess, veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum faglega ráðgjöf og upplýsingar um íslenska myndlist eftir því sem við verður komið.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í safnráð. Forstöðumaður á sæti í safnráði samkvæmt stöðu sinni, en menntamálaráðherra skipar fjóra aðra menn í safnráð til þriggja ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu fulltrúaráðs Sambands íslenskra myndlistarmanna, einn úr hópi fastráðinna starfsmanna safnsins og formann án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann safnsins til fimm ára í senn að fenginni umsögn safnráðs. <http://listasafn.is>

Listasafn **Ásgríms Jónssonar** er rekið sem deild í Listasafni Íslands. <http://listasafn.is>

Listasafn Einars Jónssonar

Listasafn Einars Jónssonar starfar samkvæmt arfleiðsluskrá Einars Jónssonar og Önnu konu hans dags. 11. september 1954. Arfleiðsluskráin ber með sér að hlutverk safnsins sé að varðveita, sýna og rannsaka verk Einars Jónssonar, halda skrá um verk hans, heimildir um æviferil og fleira er tengist lífi og list listamannsins. www.skulptur.is

Listskreytingasjóður ríkisins

Um Listskreytingasjóð ríkisins gilda lög nr. 46/1998. Markmið hans er að fegra opinberar byggingar og umhverfi þeirra með listaverkum og stuðla þannig að listsköpun í landinu. Verja skal 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar byggingar til listskreytingar hennar og umhverfis hennar. Einnig er fjárveiting á fjárlögum hvert ár til listskreytinga eldri bygginga. Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins skal skipuð af menntamálaráðherra þannig: Tveir menn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir og formaður skipaður án tilnefningar. www.listskreytingasjodur.is

Önnur söfn og myndlistarmálefni

Ýmis sveitarfélög standa að rekstri listasafna, yfirleitt án styrks af ríkisfé. Eftirtalin listasöfn á vegum einkaaðila fá rekstrarstyrki samkvæmt fjárlögum 2007: **Listasafn Sigurjóns Ólafssonar** 8,0 millj. kr., **Listasafn ASÍ** 5,5 millj. kr., **Nýlistasafnið** 8,0 millj. kr., **Málverkasafn Tryggva Ólafssonar** 3 millj.kr. og **Safnasafnið** 4 millj.kr.

Myndhöfundasjóður Íslands

Á grundvelli laga nr. 60/2000 sér Myndhöfundasjóður Íslands – Myndstef um innheimtu og umsýslu fylgiráttargjalda frá 1. janúar 2001 skv. reglugerð nr. 486/2001 um fylgiráttargjald. Það ber að greiða af andvirði myndlistarverka og listmuna við sölu á listmunauppboðum og við endursölu þeirra í atvinnuskyni. Gjaldið fellur í hlut höfundar viðkomandi listaverks eða erfingja hans. Sé höfundaréttur fallinn niður eða í eigu íslenska ríkisins rennur fylgiráttargjaldið til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs. www.myndstef.is

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar er sjálfseignarstofnun, sem hefur að markmiði að stuðla að kynningu á íslenskri myndlist erlendis og þátttöku íslenskra myndlistarmanna í alþjóðlegu samstarfi. Aðilar að Kynningarmiðstöðinni eru Samband íslenskra myndlistarmanna, Myndstef, Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Listasafnið á Akureyri, Nýlistasafnið, Hafnarborg, Listasafn Kópavogs, Listasafn ASÍ og Útflutningsráð. Menntamálaráðuneytið veitir Kynningarmiðstöðinni framlög til rekstrar og til að veita styrki til þátttöku myndlistarmanna í verkefnum erlendis. www.cia.is

Tónlist

Tónlistarráð og tónlistarsjóður

Tónlistarráð og tónlistarsjóður starfa skv. lögum nr. 76/2004. Menntamálaráðherra skipar í tónlistarráð og tilnefnir Samtónn einn þeirra en hinir tveir eru skipaðir án tilnefninga. Hlutverk tónlistarráðs er að gera tillögur til menntamálaráðherra um úthlutanir styrkja úr tónlistarsjóði og vera honum til ráðgjafar um tónlistarmálefni. Úr tónlistarsjóði eru veittir styrkir til ýmissa tónlistarverkefna auk fastra styrkja skv. samningum til hljómsveita o.fl. aðila.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950 en starfar nú samkvæmt lögum nr. 36/1982. Þar er kveðið svo á að starf hljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m.a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Sérstök áhersla skal lögð á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar. Í öllu starfi hljómsveitarinnar skal kappkosta að hafa sem best samstarf við þá aðila sem vinna að skyldum markmiðum. Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa staðið ríkissjóður, sem hefur greitt 56% rekstrarkostnaðar, Ríkisútvarpið 25%, borgarsjóður Reykjavíkur 18% og bæjarsjóður Seltjarnarness 1%. Frá árinu 2007 gilda ný lög um hljómsveitina þar sem rekstrarfyrirkomulaginu hefur verið breytt þannig að ríkissjóður greiðir hlut Ríkisútvarpsins og bæjarsjóðs Seltjarnarness. Við það hækkar hlutur ríkissjóðs í 82% rekstrarkostnaðar og endurspeglar fjárframlagið 2007 þessa breytingu. Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar er skipuð til fjögurra ára í senn, fimm mönnum, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af fjármálaráðuneytinu og einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu. Menntamálaráðuneytið skipar formann án tilnefningar. Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður sér framkvæmdastjóra til 4 ára í senn.. www.sinfonia.is

Önnur verkefni á sviði tónlistar

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands nýtur rekstrarstyrks af ríkisfé samkvæmt samningi við Akureyrarbæ um fjárframlög til menningarstarfsemi þar í bæ. Samkvæmt honum leggur Akureyrarbær einnig fram fé til starfsemi hljómsveitarinnar.

Íslensk tónverkamiðstöð fær rekstrarframlag úr ríkissjóði. Meginmarkmið hennar er að halda til haga og skrá íslenska samtímatónlist og kynna hana hérlendis sem og erlendis. Tónverkamiðstöðin miðlar einnig upplýsingum um íslenska tónlist, tónskáld og tónlistarlíf.

Tónlist fyrir alla er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga sem hefur það að markmiði að kynna íslenskum grunnskólabörnum ólíkar tegundir tónlistar.

Auk þess sem að framan greinir veitir Alþingi á fjárlögum styrki til ýmissa tónlistarviðburða og verkefna á sviði tónlistar.

Kvikmyndalist

Kvikmyndasjóður og Kvikmyndamiðstöð Íslands

Kvikmyndamiðstöð Íslands starfar samkvæmt kvikmyndalögum nr. 137/2001. Helstu verkefni hennar eru að styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda, stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis og afla upplýsinga um íslenskar kvikmyndir og gefa þær út, efla kvikmyndamenningu á Íslandi og stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála. Nánar um hlutverk Kvikmyndamiðstöðvar Íslands vísast til II. kafla laga nr. 137/2001 og reglugerðar um Kvikmyndasjóð nr. 229/2003 og síðari breytingu á reglugerð nr. 1066/2004. Menntamálaráðherra skipar sjö fulltrúa í kvikmyndaráð til þriggja ára í senn, formann og varaformann án tilnefningar, en hina fimm samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Framleiðendafélagsins - SÍK, Samtaka kvikmyndaleikstjóra, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Bandalags íslenskra listamanna. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn, að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. www.iff.is

Kvikmyndasafn Íslands

Kvikmyndasafn Íslands starfar samkvæmt kvikmyndalögum nr. 137/2001, lögum um skylduskil til safna nr. 20/2002 og reglugerðar um skylduskil til safna nr. 982/2003. Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja og varðveita íslenskar kvikmyndir, kvikmyndir sem eru samvinnuverkefni íslenskra og erlendra aðila og erlendar kvikmyndir sem teknar hafa verið á Íslandi, þ.m.t. að varðveita skilaskýlt efni samkvæmt lögum um skylduskil til safna. Auk þessa skal Kvikmyndasafn hafa eftirlit með skylduskilum kvikmyndaefnis samkvæmt lögum um skylduskil til safna, standa fyrir sýningum á innlendri og erlendri kvikmyndalist, sjá um viðhald og endurgerðir á kvikmyndum safnsins, skapa fræðimönnum og fagmönnum aðstöðu til að stunda kvikmyndafræðilegar rannsóknir og efla kvikmyndamenningu á Íslandi. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndasafns Íslands til fimm ára í senn. www.kvikmyndasafn.is

Skipulag á stuðningi menntamálaráðuneytis við söfn og málefni á sviði menningararfs

Menntamálaráðuneyti fer með málefni safna og menningararfs. Stuðningi ríkisins er ætlað að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Einnig að auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningararfinum og greiða fyrir rannsóknum á honum. Stuðningur ríkisins við þennan málaflokk er eftirfarandi .

1. Rekstur menningarstofnana

Með rekstri menningarstofnana á sviði menningararfsmála vill ríkið stuðla að óháðum rannsóknum á menningararfinum og gefa almenningi færi á að kynnst menningarsögu þjóðarinnar. Stofnanirnar gegna auk þess stjórnsýsluhlutverki í tilteknum málaflokkum, svo sem við veitingu rannsóknarleyfa, friðun menningarminja o.fl.

2. Fjárstuðningur við aðrar stofnanir á sviði menningararfs

Auk þess að standa sjálft að rekstri menningarstofnana veitir ríkið fjármunum til sveitarfélaga og annarra aðila sem reka slíkar stofnanir og sem falla undir framangreind lög um söfn og menningararfsmál.

3. Rekstur sjóða er styrkja verkefni o.fl.

Til að tryggja faglegt starf á sviði menningararfs veitir ríkið verkefnastyrki af ýmsu tagi, t.d. til fornleifarannsókna, húsaverndar, sýninga og fleiri málefna.

4. Veiting rannsóknarleyfa og eftirlit með rannsóknum

Eins og að framan greinir er markmið ríkisins að tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Liður í því er að hafa eftirlit með rannsóknum á fornleifum og menningarminjum.

Menningararfur og safnamál

Safnaráð - Safnasjóður

Safnaráð starfar á grundvelli safnalaga nr. 106/2001. Hlutverk ráðsins, sem jafnframt er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna, er að hafa eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði en hlutverk hans er að styrkja starfsemi safna sem safnalögin ná yfir, önnur en söfn í eigu ríkisins. Menntamálaráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa auk varamanns og Félag íslenskra safnamanna einn fulltrúa auk varamanns. Auk þeirra eiga sæti í ráðinu forstöðumenn höfuðsafna, þ.e. Listasafns Íslands, Þjóðminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands og skulu þeir tilnefna varamenn í sinn stað. www.safnarad.is

Þjóðminjasafn Íslands

Þjóðminjasafn Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 107/2001, nr. 106/2001 (og reglugerð nr. 334/1998). Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslunnar. Það annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningu þeirra, innan lands og utan. Þjóðminjasafn Íslands er byggðasöfnum og öðrum minjasöfnum til ráðgjafar og stuðlar að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörð, til fimm ára í senn. www.natmus.is

Fornleifavernd ríkisins

Fornleifavernd ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 107/2001, ákvæðum í lögum um flutning menningarverðmæta til annarra landa nr. 105/2001, ákvæðum í lögum um húsafriðun nr. 104/2001, ákvæðum í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum og ákvæðum í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fornleifavernd ríkisins er stjórnsýslustofnun og hlutverk hennar er að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim. Stofnunin sér um leyfisveitingar vegna allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna og hefur eftirlit með þeim. Jafnframt ákveður hún friðlýsingu fornleifa, minningarmarka og kirkjugripa og jafnframt afléttingu slíkra kvaða. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Fornleifaverndar ríkisins til fimm ára í senn. www.fornleifavernd.is

Fornleifanevnd er skipuð til fjögurra ára af menntamálaráðherra. Félög fornleifafræðinga tilnefna tvo fulltrúa og þrjár fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar. Fornleifanevnd fjallar um mál sem skotið er til hennar á grundvelli 1. mgr., 7. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001.

Fornleifasjóður

Umsýsla sjóðsins er í höndum þriggja manna stjórnar skipaðri af menntamálaráðherra. Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar. Stjórnin úthlutar úr sjóðnum styrkjum til rannsóknar- og varðveisluverkefna. Tekjur sjóðsins eru framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum auk annarra framlaga.

Húsafriðunarnefnd

Húsafriðunarnefnd starfar samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Hún gerir tillögur til menntamálaráðherra um varðveislu byggingararfs þjóðarinnar og metur hvaða hús er rétt að friða hverju sinni. Nefndin fer einnig með stjórn húsafriðunarsjóðs og ákveður styrki úr honum. Menntamálaráðherra skipar fimm menn í húsafriðunarnefnd til fjögurra ára í senn, einn fulltrúa tilnefndan af Arkitektafélagi Íslands, einn fulltrúa tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þrjá án tilnefningar. Forstöðumaður húsafriðunarnefndar er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn. www.hfrn.is

Húsafriðunarsjóður

Hlutverk Húsafriðunarsjóðs er að veita styrki til viðhalds, varðveislu og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum. Heimilt er einnig að veita styrki til annarra húsa sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðurinn stuðlar einnig að byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær. Húsafriðunarsjóður fær fé úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun fjárlaga hverju sinni, frá sveitarfélögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk frjálsra framlaga. Styrkveitingar úr sjóðnum eru flokkaðar eftir verkefnum og eru styrkir veittir til friðaðra húsa, friðaðra kirkna, húsa á safnasvæðum,

rannsóknarverkefna, húsakannana og annarra verkefna, m.a. viðgerðir á húsum í eigu einstaklinga eða sveitarfélaga, sem ekki eru friðuð en teljast merk að dómi húsafriðunarnefndar. Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði.

Örnefnanefnd

Örnefnanefnd fjallar um nafngiftir býla skv. 5., 7. og 8. gr. laga nr. 35/1953. Jafnframt úrskurðar örnefnanefnd um hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands, eða með leyfi þeirrar stofnunar, sé ágreiningur eða álitamál um það efni. Þá sker nefndin úr ágreiningi um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Málsaðild eiga Landmælingar Íslands, aðrir kortagerðarmenn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, landeigendur, sveitarstjórnir og hlutaðeigandi ráðuneyti, en um málsaðild fer að öðru leyti að hætti stjórnarsýslulaga. Heimilt er nefndinni að leita álits sérfræðinga áður en ákvarðanir eru teknar. Úrskurðum nefndarinnar er hægt að skjóta til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga. Menntamálaráðherra skipar örnefnanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, annar af umhverfisráðuneyti en hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, skipar ráðherra án tilnefningar. www.ornefni.is

Þjóðskjalasafn Íslands

Samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985, með síðari breytingum, er hlutverk þess að safna og varðveita skjöl og aðrar skráðar heimildir þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir. Löggin kveða á um hvaða aðilum er skylt að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu. Þjóðskjalasafni er falið eftirlit með starfsemi **héraðsskjalasafna** sbr. reglugerð nr. 283/1994 og löggin gera ráð fyrir að þau njóti árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Fjárveiting í þessu skyni er í fjárlögum á lið Þjóðskjalasafns sem annast úthlutun styrkjanna. Menntamálaráðuneytið skipar stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns til fjögurra ára í senn. Þjóðskjalavörður á sæti í nefndinni samkvæmt stöðu sinni. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, einn tilnefnir fastráðið starfsfólk Þjóðskjalasafns og einn skipaður án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Ráðherra skipar þjóðskjalavörð til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. www.archives.is

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók til starfa 1. september 2006. Stofnunin starfar á grundvelli laga nr. 40/2006. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á. Hlutverk sitt rækir stofnunin einkum með því að:

- a) afla frumgagna á fræðasviði sínu og varðveita þau, safna þjóðfræðum og heimildum um íslenskan orða- og nafnaforða og gera þessi drög aðgengileg fyrir fræðimenn og almenning;
- b) rannsaka handrit, þjóðfræðasöfn og aðrar heimildir um íslenska tungu, bókmenntir og sögu, sinna orðfræði- og nafnfræðirannsóknnum og verkefnum á sviði tungutækni;
- c) stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli, þar á meðal um iðorð og nýyrði;
- d) efla samstaf á fræðasviðum stofnunarinnar á innlendum og erlendum vettvangi og auka þekkingu á íslenskum fræðum meðal almennings og í alþjóðlegu fræðasamfélagi og taka þátt í samstarfi um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis;
- e) gefa út fræðirit, texta eftir handritum, þjóðfræðaefni og orða- og nafnabækur.

